

„Þegar hafa borist myndarleg framlög einstaklinga og fyrirtækja, en nú skal gera sérstakt átak af þessu tilefni. Og auðvitað eru það konurnar, sem ganga fram fyrir skjöldu í þessu mikla líknarmáli."

byggt upp nýtt þjóðfélag. Við höfum endurnýjað skipastólinn. Við höfum vélvætt sveitirnar. Við höfum nánast endurnýjað allan húsakost landsmanna. Við höfum innleitt samfélag lífsgæða, sem á fáa sína líka. Þetta og margt fleira höfum við gert á árunum frá stríðsbyrjun og til þessa dags.

En við höfum einnig fórnað miklu fyrir þessa velmegun. Við urðum meðal annars að gjörbreyta þjóðfélaginu og flestum grunneiningum þess. Bændaþjóðfélagið leið endanlega undir lok. Stórfjölskyldan hvarf og kjarnafjölskyldan tók við. Stór hluti þjóðarinnar varð að tileinka sér nýja lífshætti. Unga fólkið tileinkaði sér nýja hugmyndafræði og nýtt verðmætamat.

Eldri kynslóðin missti hinsvegar þá rótfestu, sem hún hafði haft um aldir. Það er þessi kynslóð, sem fer verst út úr öllu þessu umróti. Það er vegna þessarar eldri kynslóðar, sem ég reyni að skírskota til samvisku okkar.

Meðan við vorum að byggja upp nýja þjóðfélagið okkar, gleymdum við eldri kynslóðinni. Þó átti hún ekki lítinn þátt í þessari nýsköpun. Þessi eldri kynslóð vann myrkranna á milli. Þessi eldri kynslóð tileinkaði sér ekki hina nýju peningaumhyggju. Hún hélt áfram að spara. Og hún kostaði að stærstum hluta menntun þeirra, sem nú standa í blóma lífsins.

Þakklætið fyrir þetta framlag var það, að við rændum sparnaði þessa fólks. Við skildum það eftir utangátta. Og nú ríkir neyðarástand meðal þessarar eldri kynslóðar."

Það neyðarástand, sem Hrafn Sæmundsson ræðir um í grein sinni er þó jafnvel enn alvarlegra, þar sem í hlut á gamalt fólk, sem auk þreytu og slits er svo veikt, að það þarfnast stöðugrar hjúkrunar.

Í október 1980 komu fulltrúar ýmissa heilbrigðisstétta Akureyrar og frá Kristneshæli, alls um 20 manns, saman til að ræða hugsanlega lausn á auknu húsrými fyrir hjúkrunarsjúklinga, en samkvæmt könnun, sem gerð var á því svæði er leitar þjónustu til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vantar nú um 50 hjúkrunarpláss.

Þessi samstarfshópur varð sammála um að óska eftir því við stjórn F.S.A. að svokallað „Systrasel I", sem er á lóð sjúkrahússins yrði tekið til þessara nota, en það tæki tiltölulega stuttan tíma að breyta húsinu og koma því í not, en þarna yrðu 18 sjúkrarúm, sem leysti brýnasta vandann.

Sjúkrahússtjórn samþykkti að mæla með því við Heilbrigðismálaráðuneytið að Systrasel yrði látið til þessara nota og féllst ráðuneytið og félagsmálaráðherra á þá beiðni, sem staðfest er með bréfi dagsettu 10. apríl s.l.

Samkvæmt kostnaðaráætlun má gera ráð fyrir að breytingar á húsinu — kaup á rúmum, tækjum og öðrum búnaði verði 1.5-2.0 millj. króna.

Við fjármögnun þessara framkvæmda verður að treysta á samstillt átak almennings, og þá ekki síst þeirra, sem búa á því svæði er leita þurfa sjúkrahússvistar á F.S.A. en það nær frá Akureyri og Eyjafirði allt austur á Vopnafjörð.

Þegar hafa borist myndarleg framlög einstaklinga og fyrirtækja, en nú skal gera sérstakt átak af þessu tilefni. Og auðvitað eru það konurnar, sem ganga fram fyrir skjöldu í þessu mikla líknarmáli, eins og svo mörgum öðrum, sem þær hafa borið fram til sigurs.

Laugardaginn 3. október n.k. munu konur í öllum kvenfélögum á Akureyri og flestum kvenfélögum hreppanna við Eyjafjörð, ganga fyrir hvers manns dyr og falast eftir framlögum. Þau eru öll með þökkum þegin, jafnt stór sem smá, því við erum minnug þess að kornið fyllir mælinn þegar við öll réttum hjálparhönd.

Jón Arnþórsson.



Vinnustofan sem nú er sýnd er aðeins hluti af þeirri veröld er þar var, meðan meistarinn bjó þar sjálfur með harðfiski og sviðum, hálfkláruðum myndum og skáldskap. Sú stofa hafði mikla sál, hafa merkir menn tjáð mér, en auðvitað má lengi stagla um það, hvað skipt hafi meginmáli.

Að verðleggja vinnustofu.

Undanfarnar vikur hefur allmikið verið rætt um „Vinnustofu" Kjarvals. Sumsé í svörtu og hvítu er hann málaði á veggi vinnustofu sinnar, sem var undir súð. Veggir þessarar vistarveru voru að þeirra tíma sið klæddir með strekktum striga, sem síðan var límt á veggfóður. Reyndar var brúnn maskínupappír límdur á strigann fyrst með grautarlími og veggfóðrað yfir.

Strikinn hafði svipaðn grófleika og skreiðarstrigi. Hessian strigi var algengastur, kenndur við Hessen í Þýskalandi. Ef breiddin dugði ekki, en aðeins var neglt á jöðrunum, var hann saumaður saman.

Þannig fengust stórir sléttir veggfletir.

Á svona undirlag málaði Kjarval „Vinnustofuna" með hvítu og svörtu. Myndina sem undanfarið hefur verið til sýnis á Kjarvalsstöðum og nú er boðin til kaups.

Í raun og veru er það ekki undarlegt, að samningar hafa staðið yfir lengi við Reykjavíkurborg um kaup á myndinni. Það kann að þykja sjálfsagt og eðlilegt að Reykjavík kaupi þessa mynd, en spurningin er fyrst og fremst um verðið. Ýmsar sögur eru á kreiki hvaða verð um er rætt. Forstjóri Klausturhóla sýndi mikla framsýni er hann festi kaup á myndinni árið 1976. Talið er að hann hafi greitt erfingjum Kjarvals um 12 milljónir króna (gamalla) fyrir myndina, þar sem hún var í vinnustofunni sem veggskreyting. Myndin var skorin niður með hnífi og henni rúllað saman, hverjum vegg fyrir sig og síðan var hún send til Danmerkur til viðgerðar. Hún hreinsuð, sett á pappír (loftpappír) og síðan á nýjan striga.

Það er örðugt að gera sér grein fyrir þeim kostnaði, en sem viðmiðun gæti maður haft altaristöflu Dómkirkjunnar í Reykjavík, er hreinsuð var og sett á nýjan striga árið 1977. Ennfremur var gert við göt á myndinni, málað í þau og myndin olíuborin. Þessi mynd er tæpir tveir metrar á breidd og á fjórða metra á hæð.

Viðgerðin á altaristöflunni kostaði síðla árs árið 1977 300 þúsund krónur gamlar, og með flutningskostnaði 310 þúsund krónur, en verkið var unnið hér á landi.

Þótt menn telji málverkaviðgerðir og strigaskipti mikil mál, er svo ekki. Þetta er eins og hvert annað fag, sem menn læra. Ef við gefum okkur, að verkið við Vinnustofu Kjarvals hafi verið 20 sinnum meira en við altaristöflurnar, sem er riflega áætlað, þá ætti Vinnustofan að kosta á verði 1977 um 20 milljónir gamalla króna, og er þá reiknað með, að eigandinn varð að ganga frá veggjum í Austurstæri 12, eftir að myndin var farin. Ætla má einnig að vanur listaverkakaupmaður fái ekki verri kjör á svona vinnu en óvön söknarnefnd.


Við þetta bætist að sjálfsögðu fyrirhöfn eigenda við þessa mynd og söluskattur og geta nú talnafróðir menn framreiknað þessa mynd til nýkróna árið 1981. Það er að segja kostnaðarverð hennar. Mér reiknast það um 700 þúsund nýkrónur miðað við bíla, en ég er stirður í verðbólgureikningi, og það er átt við kostnaðarverð, en ekki söluverð, vel að merkja.

Það væri hörmulegt ef Reykjavíkurborg eignaðist ekki þessa mynd, en auðvelt er að taka undir orð Sigurjóns Péturssonar, forseta borgarstjórnar, er hann sagði: Við kaupum myndina, en ekki fyrir hvað sem er.

Sú saga er sögð af meistara Kjarval, að eitt sinn kvaddi hann sér hljóðs á aðalfundi FÍM (félags ísl. myndlistarmanna á köldu vetrarkvöldi og stakk upp á fundi yrði slitið og fundarmenn færu að leita að ketti sem var týndur, og auglýst var eftir í Vísi.

Það fylgdi ekki sögunni hver viðbrögð fundarmanna voru, en ef menn eru reiðubúnir til að fórna eins og einu barnaheimili, eða vöggustofu, eða nokkrum íbúðum fyrir aldraða, til þess að borgin eignist þessa mynd fyrir svimandi upphæðir, hygg ég að það væri nú ekki í anda meistarans, og því betra að fara með gát.

Jónas Guðmundsson



Jónas Guðmundsson, rithöfundr skrifar.

samvinnuþættir

Fjaðrafok og bægslagangur

Það kemur oft í ljós að málsvörum einkareksturs sins gengur erfiðlega að skilja hversvegna samvinnustarf hefir gefið jafn góða raun og staðreyndir bera vitni um. Þeir sjá, að jafnvel á kreppu- og erfiðleikatímum hafa kaupfélögin og samtök þeirra verið færum að leysa verkefni sem einkaaðili vill ekki sinna eða ræður ekki við. Félögin hafa veitt viðnám þegar hart hefir verið í ári. Þau héruð og byggðarlög hafa jafnan verið dugmest við uppbyggingu sem átt hafa að baki trausta samvinnuhefð.

Segja má að margra grasa kenni í árásum einkarekstursmanna á samvinnustarfið, kaupfélögin og félagsmenn þeirra.

Gömul ádeila

Fyrir nokkrum árum var það eitt helsta ádeiluefnið að bændur landsins væru stórskuldugir kaupfélögunum. Talið var að í þessu fælist tvöföld hætta. Í fyrsta lagi sú, að þeir sem skulduðu væru ánauðugir þrælar kaupfélagavaldsins og á engan hátt sjálfráðir gerða sinna og í öðru lagi var sagt, að kaupfélögin hlytu að fara á hausinn með þessu háttalagi. Hvorugt hefir reynst rétt og þrátt fyrir allar hrakfarir að leita til n haldið áfram að leyta til kaupfélaganna þegar á stuðningi þurfti að halda og fjár var vant til uppbyggingar.

Hlutverk kaupfélaganna á þessu sviði var og er víða enn þá áþekkt verkefni bankanna nú til dags. Kaupfélögin réðu yfir verulegum fjármunum. Félögin áttu ekki þessa peninga, en þeir voru fengnir þeim til varðveislu og ávöxtunar. Það var vandasamt hlutverk, en sagan sýnir að yfirleitt hefir vel til tekist hjá þeim semábyrgð hafa borið á þessum þætti samvinnustarfsins.

Óhætt er að fullyrða að ef þessir starfshættir hefðu ekki komið til myndi sitthvað vera með öðrum hætti á félagssvæðum margra kaupfélaga. Þegar eigið fé bóndans dugði ekki til að kaupa nýjar vélar, þegar byggja þurfti gripahús eða þegar koma þurfti upp nýju íbúðarhúsi og eigin fjármunir og opinbert lánsfé hrökk ekki til réði það oft úrslitum að kaupfélagið var til staðar og að það gat á einfaldan hátt hjálpað og stutt. Það var samnefnari margra einstaklinga og milligöngumaður. Slíkt getur gerst í fjöldasamtökum þar sem gagnkvæmt traust og trúnaður er til staðar...

Sé litið til einstakra byggðarlaga sést glöggt hvernig þessi samvinnuregla hefir gefist. Byggðir Borgarfjarðar, væru tæplega eins traustar og myndarlegar ef hún hefði ekki komið til. Kaupfélag Borgfirðinga á sinn þátt í farsælli þróun þess héraðs, sem einna harðast var á sínum tíma leikið af mæðiveikinni. Félaginu hefir alla tíð verið trúað fyrir verulegum fjármunum félagsmanna til tímabundinnar varðveislu, þeir hafa komið að ómetanlegu gagni við endurreisn og uppbyggingu í héraðinu. Félagið hefir því beint og óbeint haft því hlutverki að gegna að flytja til fjármuni um byggðarlagið á milli einstaklinga eftir því sem á hefir staðið með verkefni félagsmanna og getu kaupfélagsins til stuðnings. Þarna er um raunhæfa samhjálp í verki að ræða.

Lítið hefir um þennan þátt samvinnustarfsins verið rætt en óhætt mun að fullyrða að þessi samhjálp og samstaða á drjúgan þátt í framfarasókn margra byggðarlaga. Nú blasa að vísu við ný viðhorf því eðlilegt má telja að þessi þáttur falli saman við starfsemi Samvinnubankans eftir því sem hann eflist. Eðlilegt má teljast að hann fái leyfi fyrir útibúi í námunda við hvert kaupfélag.

Ný árásarhrina

Ný árásarhrina gengur nú yfir. Kaupfélögin og Sambandið eru kröftuglega skömmuð í málgögnum einkarekstursmanna.

Nú eru það ekki útlán til bænda sem ráðist er á. Nú er tilefnið útþensla Sambandsins og afskipti þess af atvinnulífinu. Eigendaskipti hafa orðið að einu miðlungs stóru frystihúsi vestur á fjörðum og mun það valda upphlaupinu. Það er eins og himinn og jörð séu að farast þegar þetta frystihús bætist í hóp hinna félagsreknu húsa sem samvinnumenn stjórna. Einkarekstursmenn ættu að vera farnir að venjast því, að áhrif og afskipti samvinnuhreyfingarinnar af atvinnulífinu hafa farið vaxandi á liðnum áratugum og á þessu sviði er samvinnuformið greinilega í sókn. Þeir mega kalla það „útþenslu" sem vilja.

Það er hinsvegar vafamál hvort menn geri sér grein fyrir því hver hlutföll samvinnu og almenningsrekstrar frystihúsa eru í raun móti hlut einkarekstrar. Margir halda að slíkt liggi ljóst fyrir með samanburði útflutnings SH á móti útflutningi Sjávarafurðadeildar Sambandsins. Þetta er hinsvegar alrangt. Bæjarútgerð Reykjavíkur er aðili að SH. Sama máli gegnir um Bæjarútgerð Hafnarfjarðar. Útgerðarfélag Akureyrar er í raun bæjarútgerð sem einnig stendur að SH og í Neskaupstað starfar SUN, sem telja má stærstu samvinnuútgerð á landinu og er hún einnig aðili að SH. Þessa framleiðslu á ekki að telja með einkarekstri.

Hlutur félagsrekstrar í þessari grein framleiðslu þjóðarinnar er því býsna stór og því næsta óskiljanlegt það fjaðrafok og bægslagangur sem upp hefir risið vegna smá landvinnings samvinnuhreyfingarinnar á Suðureyri við Súgandafjörð.

Hjörtur Hjartar skrifar

